

Ársfundur lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2019

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2019, haldinn þriðjudaginn 26. mars 2019 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík, fundurinn hófst eins og boðað var kl: 18:00.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 19. febrúar og 26. mars. Upplýsingar um fundinn komu jafnframt fram í starfsemisauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 2. mars. Einnig var sett tilkynning á vef sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmetan. Því næst var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Guðrún Hafsteinsdóttir, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2018, ásamt því sem hann gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun 2019, ásamt því sem hann gerði grein fyrir skipan stjórnar sjóðsins og ákvörðun um laun til stjórnar. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.

Tillaga stjórnar að samþykktabreytingum

Tómas N. Möller, lögfræðingur sjóðsins kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins. Breytingarnar leiða af ákvæðum kjarasamninga VR, Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda og samnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Í tilvitnuðum samningum er samið um ákveðin atriði sem varða skipan stjórnar LV, framkvæmd ársfundar, skipan tilnefningarnefnda, fulltrúaráðs og nefndar um laun stjórnar sjóðsins. Yfirferð Tómasar yfir samþykktabreytingarnar eru í fylgiriti með fundargerðinni.

Umræða um ársreikning sjóðsins

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR spurði hver raunávöxtun sjóðsins 2018 væri miðað við að öll skuldabréf sjóðsins hefðu verið færð á gangvirði. Einnig taldi hann gagnlegt að hafa ítarlegri sundurliðun á ávöxtun einstakra skuldabréfaflokka sjóðsins í ársskýrslunni. Einnig vísaði hann í skýringu 7 í ársreikningi sjóðsins um fjárfestingargjöld og að fjárfestingargjöld að viðbættum rekstrarkostnaði sjóðsins væri um 0,4% af heildareignum sjóðsins að meðaltali á árinu sem væri svipað hlutfall og árið áður. Spurðist hann fyrir um hvort vænta mætti þess að fjárfestingargjöld myndu lækka vegna innlendra fagfjárfestasjóða.

Guðmundur Þ. Þórhallsson svaraði Stefáni og sagði að miðað við að öll skuldabréf sjóðsins hefðu verið færð á gangvirði þá kæmi fram í skýringu 10 í ársreikningnum að fjármunatekjur hefðu hækkað um 24 milljarða en það samsvarar um 3% hækkun á nafnávöxtun sjóðsins. Sagði hann að sjóðurinn myndi gera ítarlegri grein fyrir ávöxtun skuldabréfasafnsins í næstu ársskýrslu. Hann sagði ennfremur að stöðugt væri verið að leita leiða til að lækka fjárfestingargjöld sjóðsins og hefði vinna nú þegar skilað lækkunum á þeim.

Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR spurði um fjárfestingar LV í skuldabréfum gefin út af Lindarvatni og hvað sjóðurinn hefði nú þegar fjárfest fyrir háa fjárhæð í verkefninu og hvort hann væri skuldbundinn til frekari fjárfestinga. Ragnar spurði einnig hvort búið væri að slíta Framtakssjóði Íslands og ef svo væri ekki hvort einhverjir starfmenn séu enn að sinna verkefnum þar. Þá nefndi hann að í skýrslu stjórnar hafi kom fram að möguleikar á þátttöku lífeyrissjóða í innviðauppbýggingu væru takmarkaðir en taldi að fjárfesting í leigufélögum væri góður fjárfestingarkostur.

Guðmundur Þ. Þórhallsson svaraði Ragnari um Lindarvatn og að sjóðurinn hefði keypt skuldabréf fyrir um 880 milljónir en að hann væri ekki skuldbundinn til frekari fjárfestinga í verkefninu. Guðmundur sagði að Framtakssjóði Íslands hafi ekki formlega verið slitið en hann taldi að færi að stytast í slit félagsins.

Stefán Sveinbjörnsson taldi mikilvægt uppá ávöxtunarsamanburð milli lífeyrissjóða að sýna í ársreikningnum hver ávöxtun á liðnu ári hefði verið ef öll skuldabréf sjóðsins væru færð á gangvirði.


3. Önnur mál

Engin tók til máls

Fundi slitið 19:16



Ólafur Gústafsson
Fundarstjóri



Gerður Björk Guðjónsdóttir
fundarritari

Ágætu sjóðfélagar!

Við skulum bara byrja á aðalatriðinu. Hvernig gengur okkur að ávaxta fé sjóðfélaga?

Árið í fyrra var vissulega ekki gjöfult fyrir þá sem sinna ávöxtun fjármuna, ólíkt fyrra ári þegar raunávöxtun sjóðsins var 5.7%. Við látum þetta hins vegar ekki slá okkur út af laginu. Það verða alltaf sveiflur milli ára. 2016 var slakt ár, 2017 var virkilega gott ár og svo árið í fyrra, árið 2018, slakt. Þetta er staðreynd, en það kann ekki góðri lukku að stýra að mæla árangur lífeyrissjóðs byggt á einu ári. Aðalatriðið er auðvitað góð ávöxtun til langs tíma. Á þeim þremur árum sem ég hef setið í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, og sem stjórnarformaður sjóðsins, hef ég lært að í þessum bransa þarf að horfa yfir langt tímabil og ná árangri sem mældur er í árum og áratugum en ekki dögum. Við fögnum auðvitað þegar vel gengur. Í slæmu ári reynum við að draga lærdóma en við erum áfram bjartsýn á framtíðarávöxtun sjóðsins, því við vitum að til lengri tíma litið ætti þróunin að vera jákvæð.

Á síðasta ári voru hlutabréfamarkaðir í ólgusjó í takt við efnahagshorfur í heiminum þar sem óvissa var meiri en áður. Til lengri tíma litið verður þeirri óvissu aflétt og þá má búast við að markaðir taki við sér. Að hluta til hefur það raungerst það sem af er ári. Missum ekki sjónar af því að fjármunir í vörslu sjóðsins eru ávaxtaðir til nokkurra áratuga. Það var á brattann að sækja hjá einu stærsta félagi sjóðsins, Icelandair, á árinu en þar þarf maður einmitt að minna sig á að horfa yfir langt tímabil hvað ávöxtun varðar og missa sig ekki yfir hreyfingum frá degi til dags. Ávöxtun sjóðsins af fjárfestingum í Icelandair er enn mjög góð, árleg meðalraunávöxtun fjárfestingarinnar í Icelandair, frá upphafi þar til í febrúar síðastliðnum er 15%. Það er mjög góð ávöxtun. Betri en af flestum öðrum fjárfestingum sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur í auknum mæli fjárfest erlendis. Til lengri tíma litið er slíkt skynsamlegt til áhættudreifingar og ávöxtunar. Ísland er lítið land og fjárfestingarkostir af skornum skammti. Heimurinn er hins vegar stór og fjárfestingarkostir fjölmargir og því vekur það undrun þegar þau sjónarmið heyrast að lífeyrissjóðir séu uppiskroppa með fjárfestingarkosti. Það þættu tíðindi úti í hinum stóra heimi! Langtímaávöxtun á erlendum mörkuðum hefur verið góð og nægir að líta til norska olíusjóðsins í þeim efnum. Þá má minnast þess að lífeyri er ætlað að veita sjóðfélögum lífsviðurværi á efri árum. Stór hluti neyslu eru innfluttar vörur og þjónusta og því er eðlilegt að fjárfestingar lífeyrissjóða endurspegli það mynstur.

Erlendis hafa innviðafjárfestingar færst í vöxt og sjóðir verið stofnaðir gagnert um slíka fjárfestingar. Á vettvangi evrópskra lífeyrissjóða er fátt meira rætt um þessar mundir. Þau miklu tíðindi urðu í gær að eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði innviðafjárfestinga, hið ástralska Macquarie, keypti meirihluta í HS Orku. Sú fjárfesting markar tímamót hér á landi.

Þó brýn þörf sé á innviðauppbýggingu hér á landi hefur hið opinbera fjármagnað slíkar framkvæmdir sjálft, meðal annars með útgáfu skuldabréfa. Lífeyrissjóðir landsins hafa þannig óbeint fjármagnað uppbyggingu innviða landsins með kaupum á ríkisskuldabréfum sem fjármagna meðal annars vegi landsins, með kaupum á íbúðabréfum sem fjármagna íbúðarhúsnæði landsmanna og skuldabréfum sveitarfélaga sem fjármagna fasteignir þeirra og aðra innviði.

Alþingi samþykkti nýverið samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu samgönguinnviða umfram það sem áður var ráðgert. Framkvæmdir upp á allt að 60 milljarða króna á næstu árum sem á eftir að fjármagna og þá þarf að taka afstöðu til þess hvort lífeyrissjóðir landsins taki þátt í því verkefni. Önnur verkefni gætu sannarlega komið til greina eins og fjárfesting í flugvöllum, höfnum, orkuframleiðslu og orkuflutningum auk fasteigna hins opinbera. Þetta þarf að skoða gaumgæfilega og með opnum hug á næstu misserum. Hver gæti ávinningur lífeyrissjóðanna verið, ávinningur samfélagsins og hver er áhættan af slíkum fjárfestingum? Þessum spurningum og fleiri til þarf að leita svara við. Sem fyrr segir hefur sjóðurinn því lengi komið að fjármögnun innviða samfélagsins en

eigi hann að taka þátt í beinum fjárfestingum í slíkum fjárfestingum þarf að vanda vel til þeirra ákvörðunar. Á einhverjum tímamarki munum við þurfa að svara því hvort við Íslendingar ætlum að láta erlenda fjárfesta og hið opinbera ein um innviðafjárfestingar eða hvort aðrir munu taka þátt í því og þá hugsanlega lífeyrissjóðir?

Góðir sjóðfélagar.

Við minnumst þess nú að fimmtíu ár eru liðin frá stofnun íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er þó töluvert eldri en hann var stofnaður fyrir 63 árum eða 13 árum fyrir tíma skylduaðildar.

Fyrirverandi formaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til áratuga og einn stofnfélaga hans, Guðmundur H. Garðarsson, rifjaði upp stofnun íslenska lífeyriskerfisins í ævisögu sinni sem kom út fyrir tæpum tveimur árum. Þar segir svo, á bls. 125: „Bjarni Benediktsson forsætisráðherra beitti sér fyrir því við lausn kjaradeilna vorið 1969 að samið yrði við verkalyðshreyfinguna um stofnun lífeyrissjóða og skylduaðild að þeim. Hann sá að með þessu móti yrði ekki einasta unnt að tryggja öllum borgurum lífeyri eftir starfslok heldur yrði einnig unnið að dreifingu valdsins og þar með styrkari stoðum rennt undir lýðræðislega stjórnarhætti.“ Ég býst við að ef við þyrftum að upplifa nú sambærilegt ástand og óvissu í efnahagsmálum og Íslendingar bjuggu við á þessum fyrstu árum og áratugum lífeyriskerfisins, þá myndum við kalla það efnahagslegar hamfarir. Duttlungar fisksins í sjónum, en það var aðallega veidd sild og þorskur, höfðu gríðarleg áhrif enda öðrum tekjustofnum samfélagsins vart til að dreifa á þessum tíma. Sveiflurnar voru bæði tíðar og miklar, óðaverðbólga var regla frekar en undantekning, gengi krónunnar var fellt þegar útflutningsatvinnuvegirnar gátu ekki rekið sig vegna of mikils kostnaðar innanlands. Stórar og miklar kauphækkningar launafólks voru jafnharðan teknar aftur með þeim hætti. Það var við þessar aðstæður sem Íslendingar byggðu upp íslenska lífeyriskerfið. Ekki gekk það heldur áfallalaust enda voru sjóðirnir fyrstu árin litlir og veikburða. Iðgjöld voru aðeins greidd af grunnlaunum og ekki voru allir skyldaðir til aðildar að lífeyrissjóðum, til dæmis ekki sjálfstætt starfandi fólk. Í bók sinni lýsir Guðmundur baráttunni við að koma á heilbrigðu og traustu eftirlaunakerfi söfnunarsjóða og er það afar fróðleg lesning.

Eitt er þó það viðfangsefni, sem allt frá byrjun til þessa dags, hvílir þungt á forsvarsmönnum lífeyriskerfisins. Guðmundur vísar til þess með tilvitnun í 30 ára afmælisrit Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, eftir Jakob Ásgeirsson. Í bók Guðmundar segir á bls. 125: „Eftir því sem sjóðunum fjölgaði og heildarfjármagn þeirra jókst varð meira áriðandi að að treysta samstöðu sjóðanna gagnvart ríkisvaldinu og um leið verjast ásælni þess.“ Guðmundur rekur í bókinni hvernig ríkisvaldið reyndi stöðugt að ná tókum á fjármunum lífeyrissjóðanna og tekur skýrt fram að ekki var munur á eftir því hvaða stjórnmalaflokkur átti í hlut. Allir þurftu peninga til að fjármagna sín mikilvægu samfélagsverkefni. Gallinn er, að það er bara ekki hlutverk lífeyrissjóðanna að fjármagna áhugamál stjórnmalamanna. Hvort sem þeir tilheyra stjórnmalaflokkum eða öðrum samtökum.

Það er einmitt þess vegna sem eignarréttur sjóðfélaganna á þeim lífeyrisréttindum sem hvíla á fjármunum sjóðanna er verndaður með lögum, og í sjálfri stjórnarskránni.

En, ríkisvaldið er útsjónarsamt þegar kemur að því að finna peninga. Það hefur fundið bakdyraleið inn í lífeyrissjóðina. Þetta er gert með, því sem í daglegu tali er kallað „króna á móti krónu“skerðingum á lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Þeim fjármunum er síðan ráðstafað með öðru fé í ríkissjóði eftir duttlungum stjórnmalamannanna. Hvergi er tilgreint að þeir fjármuni renni aftur til þeirra sem verða fyrir skerðingunum. Lífeyrisgreiðslur eru skilgreindar sem tekjur og koma því til frádráttar lífeyrisgreiðslum frá TR. Með þessu sparar ríkið einhver útgjöld, en veldur um leið þrengingum og þjáníngum og jafnvel stórskaða á fjárhag margra lífeyrisþega. Síðast fyrir nokkrum dögum var rætt við konu í fréttum RÚV sem hugðist nýta heimild til að greiða viðbótarlífeyrissparnað sinn inn á húsnæðislán en varð að hætta við það vegna þess að ella hefði hún misst drjúgan hluta þeirra örorkubóta sem hún hefur í hverjum mánuði.

Þessi framkoma ríkisvaldsins í garð þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu er svartur blettur á annars sterku tryggingakerfi þjóðarinnar. Sérstaklega þegar haft er í huga að helstu forystumenn stjórnmalaflokkanna eru margbúnir að lofa að afnema þessar skerðingar. Loforðin hafa reynt orðin tóm. Engin ríkisstjórn hefur viljað standa við þau þegar á reynir.

EN horfum aftur til upphafs lífeyriskerfisins. Á vef Alþýðusambands Íslands er að finna grein sem heitir því einfalda nafni „Söguágrip“ og fjallar í stuttu og afar skýru máli um sögu lífeyriskerfisins. Þar kemur eftirfarandi fram: „Með kjarasamningi milli Alþýðusambands Íslands og samtaka atvinnurekenda frá 19. maí 1969 var gert samkomulag um að frá 1. janúar 1970 skyldu starfræktir söfnunarlífeyrissjóðir á félagslegum grunni samtryggingar og var þeim ætlað að vera viðbót við almannatryggingarkerfið og standa undir verulega bættum kjörum lífeyrisþega sem mikil þörf var á.“

Viðbót. Þeim var ætlað að vera viðbót. Umræddar skerðingar ganga því í raun gegn sjálfri hugmyndinni um stofnun lífeyriskerfisins. Ég minni á að ríkisvaldið stóð að þessu samkomulagi á sinn hátt, m.a. með lagasetningu sem tók gildi í byrjun árs 1970 á grundvelli kjarasamninganna um stofnun lífeyrissjóðanna. Í sumum tilvikum jafnast þessar skerðingar við allt að 80% skattlagningu á lífeyrisgreiðslurnar. Það liggur því í augum uppi að þær koma afar illa við fjárhag margra lífeyrisþega. Tekjuskerðingarnar koma bæði of snemma og eru alltof miklar.

Afhverju er ég að hafa orð á þessu? Jú, það vill svo til að Ísland er sér á báti að þessu leyti. Ekkert þeirra ríkja sem við viljum bera okkur saman við beitir samskonar skerðingum og þær skaða þannig stórlega orðspor lífeyrissjóðanna, þrátt fyrir að þeir beri alls enga ábyrgð á þeim. Ég tel að við sem berum hag lífeyriskerfisins fyrir brjósti, störfum við það eða sitjum þar í stjórn, hljótum að vilja breyta þessu. Við eigum að standa vörð um hag allra lífeyrisþega. Jafnvel þó að valdið til að breyta þessu sé ekki í okkar höndum, þá eigum við að þrýsta á að skerðingar lífeyris frá Tryggingastofnun verði afnumdar hið fyrsta. Það hlýtur að vera forgangsverkefni sjóðanna allra, sjóðfélaga þeirra og Landsamtaka lífeyrissjóða.

Góðir sjóðfélagar

Eins og ég vék að á síðasta ársfundi sjóðsins, fyrir um ári, virðist oft í fljótu bragði sem litlar eða engar breytingar verði á sjóðnum eða starfsemi hans frá ári til árs. Það er vegna þess að oft eru þær breytingar sem verða ekki sýnilegar nema vel sé að gæð. Á þessu ári verður til dæmis allmikilvæg breyting á stjórnarháttum sjóðsins með því að til sögunnar kemur fulltrúaráð, skipað að jöfnu 25 fulltrúum launþega og 25 fulltrúum atvinnurekenda. Um hlutverk fulltrúaráðs verður nánar fjallað hér á eftir þegar gerð verður grein fyrir breytingum á samþykktum sjóðsins.

Aðrar breytingar eru mun sýnilegri, þar tek ég dæmi af útliti og ásýnd sjóðsins og samskiptum við sjóðfélaga, sem og raunar allan almenning. Á vordögum í fyrra opnaði lífeyrissjóður verzlunarmanna Facebooksíðu og það sem eftir lifði ársins birtust reglulega hnitmiðuð skilaboð á Facebook. Skemmst er frá því að segja að þetta gaf mjög góða raun og fékk bæði miklar og jákvæðar viðtökur og neikvæð viðbrögð voru lítil, svo lítil að þau eru varla umtalsverð.

Á haustdögum var ásýnd sjóðsins öll endurnýjuð. Við fengum nýtt merki. Litir voru endurnýjaðir og nýtt letur innleitt, allt bréfsfni sjóðsins, tölvupóstur og vefurinn fengu þannig nýtt og nútímalegra yfirbragð. Þessi nýja ásýnd hefur sannarlega líka hjálpað okkur að ná meiri og jákvæðari athygli, til dæmis á samfélagsmiðlum.

Starfsemi sjóðsins hefur aukist að vöxtum undanfarin ár. Það á bæði við umfang vegna vaxtar sjóðsins, en einnig og ekki síður að skyldum og verkefnum hefur fjölgað. Skýrasta dæmið um það síðarnefnda er stofnun áhættustýringardeildar, en krafa er um virka og öflugra áhættustýringu í lífeyrissjóðalögunum. Á þeim stutta tíma, 3 árum, sem áhættustýring hefur verið sérgreind starfsemi hjá sjóðnum hefur hún vaxið, þar starfa nú tveir sérfræðingar á því sviði, en þess má líka geta að áður var áhættustýring að segja má aukaverkefni tveggja starfsmanna. Tilkoma áhættustýringar sýnir vel hvernig starfsemi sjóðsins hefur breyst og aukist að umfangi á stuttum tíma, í þeim tilgangi að auka öryggi í bæði fjárfestingum og rekstri sjóðsins.

Góðir sjóðfélagar.

Nú eru þau tímamót hjá mér að ég lýk kjörtímabili mínu sem formaður stjórnar. Á þessum þremur árum hefur margt breyst og flest til framfara. Það sem ég vildi að hefði gengið betur get ég huggað mig við að var ekki á valdi stjórnar eða stjórnenda sjóðsins. Þar á ég fyrst og fremst við þegar ytri áhrif hafa dregið niður ávöxtun sjóðsins. Gengissveiflur krónunnar eru dæmi umþróun sem við fáum engu um ráðið.

En eins og ég nefndi í upphafi vitum við þó, bæði af langri reynslu hjá sjóðnum og af almennri sögu að langtímafjárfestir eins og Lífeyrissjóður verzlunarmanna blaktir ekki eins og lítið flagg í sviptivindum.

Hann getur haldið sínu striki þess fullviss að tíminn launar þeim sem hefur úthald og þolinmæði í fjárfestingum sínum. Það sannar margföld reynsla. Og, með tilliti til þess sem ég hef hér á undan rakið um margt sem breyst hefur til betri vegar í stjórn og rekstri sjóðsins get ég því enn á ný lýst bjartsýni minni á rekstur og viðgang sjóðsins til heilla fyrir sjóðfélaga alla.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum sjóðsins, sem og sjóðfélögum, öllum samstarfið.

Megi Lífeyrissjóður verzlunarmanna halda áfram að vaxa og dafna um ókomna tíð.




Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

live.is

Ársfundur 2019



Breyting á hreinni eign á árinu 2018 í m.kr





Löggjöld í m.kr.

	2018	2017
Sjóðfélagar	9.824	9.257
Launagreiðendur	24.179	19.984
Framlag v/jöfnunar örorkubyrði	333	557
Samtals	34.336	29.798
Aukning	15,2%	




Lífeyrisgreiðslur í m.kr.

	2018	2017
Ellilífeyrir	10.676	9.408
Örorkulífeyrir	2.727	2.542
Makalífeyrir	794	755
Barnalífeyrir	118	114
Séreignargreiðslur	548	568
Samtals	14.863	13.387
Aukning	11,0%	



Skipting lífeyrisgreiðslna 2018





Fjöldi lífeyrispega

	2018	2017
Ellilífeyrir	11.772	10.838
Örorkulífeyrir	3.787	3.506
Makalífeyrir	1.540	1.525
Barnalífeyrir	531	524
Samtals	17.630	16.393
Fjölgun	7,5%	



Fjárfestingartekjur í m.kr.

	2018	2017
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	-1.199	7.852
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	7.014	20.319
Innlend skuldabréf	22.928	19.290
Bankainnstæður og aðrar fjárfestingartekjur	1.245	-156
Fjárfestingargjöld	-250	-199
Samtals	29.738	47.106



Ávöxtun

	2018		2017	
	Nafn	Raun	Nafn	Raun
Innlend skuldabréf	7,1%	3,7%	7,9%	4,5%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	-1,3%	-4,4%	7,6%	4,2%
Erlend verðbréf	3,4%	0,1%	13,7%	10,1%
Samtals	4,3%	1,0%	9,1%	5,7%



Meðaltal hreinnar raunávöxtunar

- Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er **4,8%**
- Meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er **4,6%**
- Meðalraunávöxtun síðustu 20 ára er **3,9%**



Rekstrarkostnaður

	2018	2017
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.008	906
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,15%	0,14%
Stöðugildi	43,4	40,8



Þjónusta við sjóðfélaga

- **52 þúsund** sjóðfélagar greiddu iðgjöld
- **17 þúsund** lífeyrisþegar
- **8.900** launagreiðendur
- **7.900** lán til sjóðfélaga




Efnahagsreikningur í m.kr.

	2018	2017
Eignarhlutir í erlendum félögum og sjóðum	247.237	215.932
Eignarhlutir í innlendum félögum og sjóðum	111.872	115.712
Skuldabréf	248.028	238.994
Veðskuldabréf	96.969	85.639
Bankainnstæður	5.016	5.500
Aðrar eignir	4.390	3.725
Skuldir	-770	-729
Samtals	712.742	664.773



Skipting eignasafns 2018





Sjóðstreymisyfirlit í m.kr.

	2018	2017
Inngreiðslur	34.673	29.815
Útgreiðslur	16.747	14.764
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	17.926	15.051
Breyting á handbæru fé	-1.300	790



Verðbréfakaup umfram sölu í m.kr.

Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	33.962
Ríkisskuldabréf	6.746
Önnur skuldabréf	468
Innlend hlutabréf	1.763
Innlent laust fé	161
Erlend hlutabréf	25.866
Aðrar erlendar eignir	3.533
Samtals	72.499




Séreignardeildir

	2018	2017
Iðgjöld	1.643 m. kr	1.100 m. kr
Lífeyrir	548 milljónir	568 milljónir
Heildareignir	14,1 milljarður	12,5 milljarður
Fjöldi með inneignir	46.000	



Séreignardeildir

	Nafn	Raun
Verðbréfaleið	4,3%	1,0%
Ævileið I	0,8%	-2,4%
Ævileið II	3,8%	0,5%
Ævileið III	3,6%	0,3%






Tryggingafræðileg staða

	2018	2017
Heildarstaða umfram skuldbindingar ma.kr.	61,0	65,7
% af heildarskuldbindingum	5,4%	6,4%
Áfallin staða ma.kr.	46,0	57,3
% af áföllnum skuldbindingum	7,3%	9,9%
Framtíðarstaða ma.kr.	15,0	8,4
% af framtíðarskuldbindingum	3,0%	1,9%



Þróun tryggingafræðilegrar stöðu 2014 - 2018





Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

- LV er fagfjárfestir
- Fjárfestingar taka mið af varúðarsjónarmiðum, áhættu og langtímaskuldbindingum sjóðsins
- Lífeyrisbyrði er innan við 50%
- LV getur beitt langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingarstefnu



Fjárfestingarstefna 2019

Eignaflokkur	Eigna- Samsetning* %	Stefna %	Lágmark %	Hámark %
Ríkisskuldabréf	23	22	20	30
Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	20	22	10	25
Önnur skuldabréf	5	6	0	10
Innlend hlutabréf	15	13	10	20
Innlent laust fé	1	1	0	5
Erlend hlutabréf	36	36	25	45
Aðrar erlendar eignir	1	1	0	5
Þar af gengisbundnar eignir	37	37	25	50

*Eignasamsetning 30.9.2018



Fjárhagsáætlun 2019

Ríkisskuldabréf	0-10%
Veðskuldabréf og fasteignatengd verkefni	30-50%
þ.a. lánveitingar til sjóðfélaga	0-10%
Önnur skuldabréf	5-15%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	0-10%
Innlent laust fé	0-10%
Erlend hlutabréf	20-40%
Erlendir innviða- og fasteignasjóðir	10-20%



Tilnefningar í stjórn

- Stjórn skipuð átta einstaklingum
- Fjórir tilnefndir af VR
- Fjórir af samtökum atvinnurekenda



Tilnefningar VR

Aðalmenn

Auður Árnadóttir

Ína Björk Hannesdóttir

Magnús Ragnar Guðmundsson

Ólafur Reimar Gunnarsson

Varamenn

Ásta Rut Jónasdóttir

Ingvi G. Ingason

Perla Björk Egilsdóttir

Birgir Már Guðmundsson



Tilnefningar samtaka atvinnurekenda

Aðalmenn

Árni Stefánsson

Benedikt Kristjánsson

Guðný Rósa Þorvarðardóttir

Guðrún Hafsteinsdóttir

Varamenn

Erla Kristinsdóttir

Margrét Sif Hafsteinsdóttir

Guðrún Ragna Garðarsdóttir

Bjarni Már Gylfason



Laun stjórnar

- Laun stjórnarmanna eru 179.850 kr. á mánuði
- Stjórnarformaður fær tvöföld stjórnarlaun
- Varaformaður fær ein og hálföld stjórnarlaun



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is

Ársfundur 2019



Um breytingar á samþykktum LV

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

live.is

Ársfundur 2019

Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur LV



Nokkrir samningar og lagabálkar

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

- 27. maí 1955** **Kjarasamningur**, milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur & Félags íslenskra stórkaupmanna, Sambands smásöluverslana og Verslunarráðs Íslands um stofnun lífeyrissjóðsins. Síðar urðu vinnuveitendasamband Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda aðilar að samningnum
- 19. maí 1969** **Í almennum kjarasamningum**, samið um skylduaðild félagsmanna hlutaðeigandi verkalýðsfélaga að þeim lífeyrissjóðum sem þá var stofnað til. Náið einnig til LV.
- Lög 55/1980** **Lög** um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980
- 12. des. 1995** **Samningur um lífeyrismál** - Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands
- 30. des. 1996** **Samningur um lífeyrismál** - Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Félags íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtaka Íslands, Verslunarráðs Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Samtaka iðnararins
- Lög 129/1997** **Lög** um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997
- 23. apríl 2018** **Kjarasamningur um lífeyrismál** - VR & SA og FA um málefni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- 24. apríl 2018** **Kjarasamningur um lífeyrismál** – ASÍ og SA (stjórnskipulag lífeyrissjóða)
- 2019** **Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna**


Til grundvallar samþykktabreytingunum

- Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997
- Gildandi samþykktir LV
- Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útgáfa)
- Kjarasamningur VR & SA og FA (stjórnskipulag lífeyrissjóðsins)
- Kjarasamningur ASÍ og SA um lífeyrismál (stjórnskipulag lífeyrissjóða)





Leiðbeiningar um stjórnarhætti, ákvæði lífeyrissjóðalaganna og samningarnir frá apríl 2018





Úr inngangi leiðbeininga um stjórnarhætti (5. útgáfa)

Samkvæmt hlutafélagalögum skiptist **vald og ábyrgð** innan fyrirtækja í þrjá meginþætti;

1. **hluthafafund,**
2. **stjórn og**
3. **framkvæmdastjóra**

Vald og áhrif hluthafa takmarkast þannig við hluthafafundi en

- stjórn félags sækir umboð sitt til fundarins og **fer með stjórn félags á milli hluthafafunda**

Það er á **ábyrgð stjórnar** að ráða framkvæmdastjóra (einn eða fleiri) og kalla hann til ábyrgðar varðandi rekstur félagsins

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og skal í þeim efnum fara eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar

Góðir stjórnarhættir snúast öðru fremur um að:

- a) skipting valds og ábyrgðar sé með þeim hætti sem þrískipting hlutafélagafirmsins gerir ráð fyrir
- b) **skýr mörk séu á milli vald- og ábyrgðarsviðs hvers þáttar og**
- c) aðilar hlutist ekki til um málefni sem eru á forræði annars aðila



Um ársfund lífeyrissjóðs – 27. og 29. gr. Isjl.

Skv. 27. gr. lífeyrissjóðalaganna (Isjl.) skal í samþykktum mæla fyrir um ársfund:

1. hvernig boða skuli til hans
2. hvaða mál skuli þar lögð fram
3. hverjir eigi þar atkvæðisrétt og
4. hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn

Nánar er svo fjallað um ársfund í 29. gr. Isjl. Fundinn skal halda fyrir lok júní ár hvert

- Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti
- Atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir lífeyrissjóðsins
- Á ársfundi skal gerð grein fyrir:
 - a) skýrslu stjórnar
 - b) ársreikningum
 - c) tryggingafræðilegum úttektum
 - d) fjárfestingarstefnu og
 - e) tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins



Um stjórn og framkvæmdastjóra – 29. og 31. gr. Isjl.

Í 29. gr. Isjl. er fjallað um **meginhlutverk og ábyrgð stjórnar** auk þess sem **tiltekin atriði eru þar sérstaklega falin stjórn**. Þar kemur m.a. fram að:

- Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins
- Stjórn lífeyrissjóðs skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins

Um **valdmörk stjórnar og framkvæmdastjóra** er fjallað í 31. gr. Isjl.:

- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið
- Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn



Í lífeyrissjóðalögum, lögum um ársreikninga og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (FME) er svo einnig fjallað um hlutverk og verkefni:


- Áhættustjóra og áhættustýringar
- Innri endurskoðanda
- Ytri endurskoðanda
- Fjármálaeftirlitsins
- Endurskoðunarnefndar

- Þá leiðir af ýmsum ákvæðum lífeyrissjóðalaganna að nauðsynlegt er að skipta eintökum þáttum sjóðsins í skipulagseiningar (skipurit)

Samþykktabreytingar byggja á framangreindum lagaákvæðum, meginreglum og viðmiðum varðandi stjórnarhætti



Lykilþættir í skipulagi lífeyrissjóðs





Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Um inntak breytinga á samþykktum LV



Fulltrúaráð LV (VR, SA, FA)

- 50 manna fulltrúaráð; VR 25 v.s. SA 23 og FA 2
- Aðildarsamtökin tilkynna skipan fulltrúaráðs til LV (hæfisskilyrði ekki í samþykktum)
- Stjórn LV heldur fund með fulltrúaráði að hausti og í aðdraganda ársfundar
 - Ræða m.a. lykiltölur úr rekstri, framvindu fjárfestingarstefnu, samþykktabreytingar
- Hlutverk fulltrúaráðs m.a.
 - Að staðfesta tilnefningu stjórnarmanna aðildarsamtaka LV (hver samtök fyrir sig)
 - Til umfjöllunar á vettvangi aðildasamtaka LV fyrir ársfund
 - Að fara með atkvæði á ársfundi, 1 + 2 atkvæði mest
 - Afl atkvæða ræður, sameiginleg eða tvískipt atkvæðagreiðsla
 - Fylgjast með störfum stjórnar og veita henni aðhald



Ársfundur

- Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundi
- Aðrir sjóðfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt
- Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins nema annað leiði af lögum eða samþykktum

Á ársfundi skal kynna:

- a) Skýrslu stjórnar
- b) Ársreikning fyrir síðasta starfsár
- c) Tryggingafræðilega athugun
- d) Fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs
- e) Hluthafastefnu
- f) Skipan stjórnar
- g) Skipan fulltrúaráðs

Á ársfundi skal bera undir atkvæði:

- a) Starfskjarastefnu
- b) Val fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna
- c) Tillaga um stjórnarlaun
- d) Tillaga stjórnar um endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki
- e) Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum



Nefnd um laun stjórnarmanna

- 4 kjörnir á ársfundi og 2 til vara, til þriggja ára í senn
 - Meirihluti atkvæða ræður ákvörðun
- Jafnt hlutfall atvinnurekenda og launamanna
- Tillögur að launum stjórnar fyrir ársfund
- Taka mið af þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnarmanna og þess tíma sem varið er til stjórnarsetu
- Kynnir stjórn tillögur sínar tveimur vikum fyrir ársfund



Skipan stjórnar

- Átta manna stjórn
 - 4 tilnefndir af VR, 3 af SA og 1 af FA – Kjörnir af 50 manna fulltrúaráði fyrir ársfund
 - Kjörtímabil
 - VR 4 ár, tveggja ára skörun => Helmingur stjórnarmanna á tveggja ára fresti
 - SA og FA, 2 ár, eins árs skörun => Helmingur stjórnarmanna árlega
 - Upphaf, skv. ákvæði til bráðabirgða:
 - Á ári 0 tilnefndir VR 2 í 2 ár og 2 í 4 ár, SA 1 í tvö ár og 2 í eitt ár, FA einn í tvö ár
 - Á ári 1 tilnefnir SA 2 í tvö ár.
 - Á ári 2 tilnefndir: VR 2 í 4 ár, SA 1 í tvö ár og FA einn í tvö ár.
 - Á ári 3 tilefnir SA 1 í tvö ár.
 - Á ári 4 tilnefndir: VR 2 í 4 ár, SA 2 í 2 ár, FA 1 í 2 ár.
 - O.s.frv.



Hæfi

- **Almennt hæfi**
 - Vísað til lagaskilyrða (31. gr. lífeyrissjóðalaganna)
 - Jöfn kynjaskipting; VR annars vegar og SA og FA hins vegar
 - Áhersla á samsetningu stjórnar
 - Þekking og reynsla til að rækja hlutverk sitt
 - Aðildarsamtök LV skulu hafa með sér samráð við tilnefningu stjórnar
 - Átta ára hámarkstími í stjórn (36 mánaða hlé)
- **Sérstakt hæfi**
 - Vísan til reglna stjórnarsýsluréttar sbr. lög ákvæði lífeyrissjóðalaganna



Nokkrir punktar um stjórnarhætti skv. breytingunum

1. Ársfundir ætlað ríkara formlegra hlutverk – tiltekin atriði borin undir atkvæði fulltrúaráðs
2. Fundur stjórnar og fulltrúaráðs vettvangur fyrir upplýsingagjöf, umræður og aðhald
3. Áhersla á að hafa ákvæði um hlutverk og ábyrgð skýr
4. Stjórn skal taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti eftir því sem við á, t.d. varðandi:
 - a) starfshætti og starfsreglur stjórnar
 - b) árangursmat stjórnar
 - c) starfskjarastefnu
 - d) samfélagslega ábyrgð og siðferði,
 - e) ritun fundargerða
 - f) verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra
 - g) undirnefndir og
 - h) upplýsingar um stjórnarhætti



Samþykktabreytingar og gildistaka

Samþykktabreyting byggir á samspili

- tillagna stjórnar LV
- umsagnar og staðfestingar aðildarsamtakanna og
- umræðu og staðfestingar fulltrúaráðs

Gildistaka breytinga

- Gildistaka ráðgerð 1. september 2019 að fenginni staðfestingu ráðherra
- Við það taka m.a. formlega gildi reglur um fulltrúaráð
- Miðað við það yrði ný stjórn skipuð á ársfundi sjóðsins 2020





Um einstaka greinar



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

- 5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu tilnefndir af VR, þrír skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og einn skal tilnefndur af Félagi atvinnurekenda. Hvert framangreindra aðildarsamtaka sjóðsins tilnefnir einn stjórnarmann til vara.
- 5.2 Kjörtímabil stjórnar miðast við ársfund sjóðsins. Haga skal tilnefningum í stjórn sjóðsins sem hér greinir. VR tilnefnir fjóra stjórnarmenn þannig að tveir stjórnarmenn eru tilnefndir annað hvert ár til fjögurra ára í senn. Samtök atvinnulífsins tilnefna þrjá stjórnarmenn, einn eða tvo stjórnarmenn árlega til tveggja ára og Félag atvinnurekenda tilnefnir einn stjórnarmann annað hvert ár til tveggja ára.

VR annars vegar og Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda hins vegar, starfrækja tilnefningarnefndir sem fjalla um hæfi og hæfni þeirra einstaklinga sem gefa kost á sér til setu í stjórn lífeyrissjóðsins, m.a. með tilliti til greinar 5.8. um almennt hæfi stjórnarmanna. VR annars vegar og aðildarsamtök atvinnurekenda hins vegar setja tilnefningarnefndunum starfsreglur.

Ákvæði til bráðabirgða: Í fyrsta sinn skal tilnefningu hagað þannig að VR tilnefnir 2 stjórnarmenn til fjögurra ára og tvo til tveggja ára, Samtök atvinnulífsins tilnefna einn stjórnarmann til tveggja ára og tvo til eins árs og Félag atvinnurekenda tilnefnir einn stjórnarmann til tveggja ára.

- 5.3 Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skulu þau samtök sem tilnefndu hann, sbr. gr. 5.1., tilnefna nýjan stjórnarmann samkvæmt sömu skilyrðum og áður og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Fulltrúaráð – Skipan og hlutverk

- 5.4 Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins starfrækja fulltrúaráð lífeyrissjóðsins sem er skipað 50 fulltrúum. VR skipar 25 fulltrúa, Samtök atvinnulífsins skipa 23 fulltrúa og Félag atvinnurekenda skipar 2 fulltrúa. Skipan fulltrúaráðsins fer nánar eftir samningum aðildarsamtaka sjóðsins og þeim reglum sem samtökin setja sér þar um.
- 5.5 Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins skulu tilkynna honum um hverjir sitja í fulltrúaráðinu fyrir hönd viðkomandi samtaka á hverjum tíma. Einnig skal tilkynna um breytingar á skipan fulltrúa. Listi með nöfnum fulltrúa og eftir atvikum varamanna í stað aðalmanna sem mæta á ársfundi skal afhentur stjórn sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan ársfund sjóðsins.
- 5.6 Stjórn lífeyrissjóðsins skal kalla saman fulltrúaráð lífeyrissjóðsins tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar. Á þeim fundum skal ræða málefni sjóðsins, m.a. lykiltölur um afkomu sjóðsins, framvindu fjárfestingarstefnu og eftir atvikum undirbúning samþykktabreytinga. Stjórn er heimilt að kalla fulltrúaráð til aukafundar ef tilefni er til.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

5.7 Hlutverk fulltrúaráðs lífeyrissjóðsins er sem hér greinir:

5.7.1 Fulltrúar VR í fulltrúaráði staðfesta stjórnarmenn sem tilnefndir hafa verið af VR, fulltrúar Samtaka atvinnulífsins í fulltrúaráði staðfesta stjórnarmenn sem tilnefndir hafa verið af samtökunum og fulltrúar Félags atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta þann stjórnarmann sem félagið hefur tilnefnt. Varamenn í stjórn skulu staðfestir með sama hætti. Aðildarsamtök sjóðsins annast framkvæmd funda sinna fulltrúa þar sem staðfesting á tilnefningu stjórnarmanna er til umfjöllunar samkvæmt þeim reglum sem viðkomandi tilnefningaraðili hefur sett sér þar um. Ef einstaklingur sem tilnefndur er af tilnefningaraðila er ekki staðfestur af viðkomandi fulltrúum í fulltrúaráði sjóðsins tilnefnir tilnefningaraðili nýjan einstakling til setu í stjórn sjóðsins eftir sömu reglum.

5.7.2 Fulltrúar í fulltrúaráði fara með atkvæði á ársfundi sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna til ákvarðana sem tilgreindar eru í grein 6. Hverjum fulltrúa er heimilt að fara með atkvæði tveggja fulltrúa til viðbótar við eigið atkvæði. Við atkvæðagreiðslu hjá fulltrúaráðinu ræður afl atkvæða nema annað sé áskilið í samþykktum þessum. Komi fram ósk um það frá fjórum eða fleiri fulltrúum skal viðhafa skipta atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar VR annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda hins vegar greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá samþykki a.m.k. 13 fulltrúa í hvorum hluta fulltrúaráðsins til að samþykkt sé lögmæt.

5.7.2 Fulltrúaráðið fylgist almennt með starfsemi sjóðsins, störfum stjórnar og veitir henni aðhald. Ráðið kynnir sér m.a. ársreikning, fjárfestingarstefnu og ársskýrslu sjóðsins.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Almennt hæfi stjórnarmanna

- 5.8 Um almennt hæfi stjórnarmanna til setu í stjórn lífeyrissjóðsins fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma, nú 1. til 4. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum.
- 5.8.1 Samtök atvinnurekenda skv. gr. 5.1. skulu tryggja við skipun sinna fulltrúa í stjórn sjóðsins að kynjadreifing stjórnarmanna sé jöfn. Sama gildir um stjórnarmenn skipaða af VR.
- 5.8.2 Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins skulu hafa með sér samráð við tilnefningar sem tryggi að stjórn lífeyrissjóðsins búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.
- 5.8.3 Stjórnarmaður skal að hámarki sitja átta ár samfelldt sem aðalmaður í stjórn sjóðsins.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

- 5.9 Stjórnin skiptir með sér verkum, þó þannig að fulltrúar atvinnurekenda og VR hafi á hendi formennsku til skiptis tvö ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur og halda gerðarbók, þar sem skráð skal það sem gerist á stjórnarfundum og skal hún undirrituð af þeim sem fundinn sitja. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef a.m.k. fimm stjórnarmenn eru mættir eða varamenn í þeirra stað. Stjórn skal í störfum sínum taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti eftir því sem við á m.t.t. starfsemi lífeyrissjóðsins (nú 5. útgáfa leiðbeininga útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands).
- 5.10 Stjórn lífeyrissjóðsins fer með æðsta vald hans á milli ársfunda. Stjórn sjóðsins skal stuðla að viðgangi sjóðsins og langtímaárangri, hún ber ábyrgð á starfsemi hans og skal annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins, og annast um að nægilegt eftirlit sé haft með daglegum rekstri, þ.m.t. með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla.
- 5.11 Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit. Stjórnin leggur ennfremur fram tillögu fyrir ársfund um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast endurskoðun hjá sjóðnum.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri

- 5.12 Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúruumboð og setur honum starfsreglur. Hann er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
- 5.12.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.
- 5.12.2 Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sjóðsins sé með tryggilegum hætti.
- 5.12.3 Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn sjóðsins og endurskoðendum allar upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins, sem þeir óska.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Sérstakt hæfi stjórnarmanna

5.13 Reglur II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um sérstakt hæfi gilda, eftir því sem við getur átt, um meðferð mála og ákvarðanatökur í stjórn sjóðsins í einstökum málum.

Hæfi þeirra sem sjóðurinn styður til stjórnarstarfa

5.14 Um almennt og sérstakt hæfi þeirra stjórnarmanna sem sjóðurinn styður til stjórnarstarfa í einstökum félögum gilda reglur félagaréttar og sérreglur viðkomandi félaga.

Önnur ákvæði varðandi umboð og starfsskyldur

5.15 Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

5.16 Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir sjóðinn og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.



Gr. 5 - Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Nefnd um laun stjórnarmanna

- 5.17 Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.
- 5.17.1 Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt.
- 5.17.2 Nefndin er ályktunarbær ef þrír nefndarmanna sækja fund. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðun nefndarinnar.
- 5.17.3 Nefndin setur sér starfsreglur og skiptir með sér verkum.
- 5.17.4 Nefndin skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, m.a. varðandi ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.



Gr. 6 - Ársfundur og fulltrúaráð

- 6.1 Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert.
- 6.2 Allir sjóðfélagar, fulltrúar í fulltrúaráði sjóðsins, og rétthafar í B-deild hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 6.3 Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Boða skal til fundar með auglýsingu í dagblöðum og með skriflegu fundarboði til aðildarsamtaka sjóðsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara.
- 6.4 Stjórn sjóðsins getur boðað til aukaársfundar. Um boðun fundarins vísast í gr. 6.3. Á aukafundi er heimilt að fjalla um sömu efni og fram koma til umfjöllunar á ársfundi og gilda ákvæði um ársfund að breyttum breytanda um aukaársfund.
- 6.5 Fulltrúaráð skv. 5. gr. fer með atkvæði á ársfundi. Um afl atkvæða fer skv. gr. 5.7.2.
- 6.6 Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðsins sé ekki annað ákveðið í lögum eða samþykktum þessum.



Gr. 6 - Ársfundur og fulltrúaráð

6.6.1 Á ársfundi skal kynna:

- 6.6.1.1 Skýrslu stjórnar.
- 6.6.1.2 Ársreikning fyrir síðasta starfsár.
- 6.6.1.3 Tryggingafræðilega athugun.
- 6.6.1.4 Fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.
- 6.6.1.5 Hluthafastefnu sjóðsins.
- 6.6.1.6 Skipan stjórnar.
- 6.6.1.7 Skipan fulltrúaráðs.

6.6.2 Á ársfundi skal kynna og bera undir atkvæði:

- 6.6.2.1 Starfskjarastefnu sjóðsins.
- 6.6.2.2 Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna.
- 6.6.2.3 Tillögu um stjórnarlaun.
- 6.6.2.4 Tillögu stjórnar að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.
- 6.6.2.5 Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

6.6.3 Önnur mál.

6.7 Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund.



Gr. 24 - Breytingar á samþykktunum

- 24.1 Breytingar á samþykktum þessum eru samningsatriði milli VR og þeirra samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, sbr. gr. 2.1. og 5.1.
- 24.2 Til að breyting á samþykktum öðlist gildi þarf hún samþykki allra aðildarsamtaka sjóðsins sbr. gr. 2.2., samþykki fulltrúaráðs á ársfundi lífeyrissjóðsins og staðfestingu fjármálaráðherra.
- 24.3 Tillaga til breytinga á samþykktunum skal lögð fram og kynnt hverju aðildarsamtaka sjóðsins fullum tveimur mánuðum áður en afstaða til tillögunnar þarf að liggja fyrir. Breytingartillaga skal tekin til afgreiðslu hjá aðildarsamtökum sjóðsins, þegar gerð hefur verið grein fyrir henni á ársfundi sjóðsins. Miði tillaga að aukningu réttinda eða ætla má að hún geti haft áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal henni fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingatillögunnar á gjaldhæfi sjóðsins.
- 24.4 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að bera þær undir aðildarsamtök sjóðsins og fulltrúaráð á ársfundi, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Breytingar sem gerðar eru með heimild í þessu ákvæði skulu kynntar á næsta ársfundi sjóðsins.



Gr. 5 - Gildistaka

25.1 Samþykktarbreytingar taka gildi 1. september 2019, að fengnu samþykki aðildarsamtaka lífeyrissjóðsins, sbr. gr. 24 í samþykktum sjóðsins og staðfestingu ráðherra, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum. Ef staðfesting ráðherra er veitt eftir 1. september 2019 taka breytingarnar gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar eftir staðfestingu ráðherra.

Kjörtímabil sitjandi stjórnar skal ljúka á ársfundi sjóðsins sem haldinn skal fyrir 1. júlí 2020. Um skipan nýrrar stjórnar fer eftir ákvæði gr. 5.2.

Ferlið

Tillaga stjórnar

Samráð við baklandið

Til umsagnar aðildarsamtaka

Kynning á ársfundi

Staðfesting ráðherra

Gildistaka



Um breytingar á samþykktum LV

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is

- Ársfundur 2019
- Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur LV